

## **2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2011-2012**

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 7. nóvember 2011 kl.15:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Gunnólfur Lárusson sem varamaður í stað Björns Víkings Björnssonar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

### **1) Málefni Vaxtarsamnings Norðausturlands 2008-2010**

Farið yfir lokaúttekt Vaxtarsamnings Norðausturlands 2008-2010 sem unnin er af Byggðastofnun að beiðni iðnaðarráðuneytisins, ásamt bréfi stofnunarinnar til ráðuneytisins. Í úttektinni og bréfinu eru gerðar allnokkrar athugasemdir við framkvæmd samningsins. Farið var yfir efnisatriði athugasemdanna og tekið saman minnisblað með sjónarmiðum félagsins.

Var framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins þar sem farið yrði yfir framkvæmd samningsins. Brýnt er að ljúka þessu úttektarferli þannig að unnt sé að ganga frá nýjum samningi, en svæðið hefur verið vaxtarsamningslaust frá sl. áramótum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:20